

Dómarinn telur samkvæmt því, er að framan segir, að eftir atvikum beri að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda bæt-ur, og þykja þær hæfilega ákveðnar 900 krónur. Stefndi skal greiða stefnanda 6% ársvexti af upphæðinni frá sáttakærudegi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 60 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Eiríkur Þorsteinsson, greiði stefnanda, Þorbergi Steinssyni, kr. 900.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. febrúar 1952 til greiðsludags og 60 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. marz 1958.

Nr. 219/1957. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn

Bergsteini Theodór Þórarinssyni
(Gunnar J. Möller hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Theodór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmanna-eyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Bergsteinn Theódór Þórarinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna, Gústafs A. Sveinssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 9. október 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., var af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Bergsteini Theódór Þórarinssyni sjómanni, Eystri-Gjábakka í Vestmannaeyjum, með ákæruskjali útgefnu af dómsmálaráðherra 30. nóvember 1955 „fyrir að hafa mánudagskvöldið 25. apríl s.l. áberandi ölvaður ráðizt á tvo menn, Ásgeir Gunnarsson, Syðra-Vallholti í Skagafirði, og Steindór Arason, þá skipverja á v.b. „Mugg“, þar sem þeir voru staddir við Hótel H.B. í Vestmannaeyjum, barið þá og bitið í finger á greindum Steindóri, með þeim afleiðingum, að þeir hlutu áverka og einkum Ásgeir, sem hlaut brot á neðri kjálka vinstra megin, auk þess sem jaxl brotnaði í neðri góm hans og taka varð annan vegna kjálkabrotsins“. Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 21. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 4. gr., 8. gr. 1. mgr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 41/1928.

Þá er málið og höfðað gegn ákærða með framhaldsákæruskjali útgefnu af dómsmálaráðherra 30. október 1956 fyrir brot á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 41/1928 „fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 22. júlí s.l. við húsið Bjarma í Vestmannaeyjum ráðizt að Þórarni Jónssyni sjómanni, Lækjargötu 7B á Siglufirði, og barið hann í andlitið með þeim afleiðingum, að Þórarinn féll við og hlaut talsverða áverka í andlit“.

Ákærist því nefndur Bergsteinn Theódór Þórarinsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 217. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og

84. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 41/1928, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. nóvember 1933 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

- 1951 12/10 Vestmannaeyjar. Sátt 150 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
- 25/10 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
- 1953 5/8 Reykjavík. Sátt 75 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
- 1954 22/8 Vestmannaeyjar. Sátt 150 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
- 1954 25/10 Vestmannaeyjar. Sátt 200 kr. sekt og skaðabætur fyrir líkamsárás.
- 1955 3/1 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1955 7/1 Vestmannaeyjar. Kærður fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga. Fellt niður, en samþykkt að greiða skaðabætur.
- 1955 26/4 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1955 4/11 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1955 6/11 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1956 9/2 Vestmannaeyjar. Sátt 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1957 17/2 Vestmannaeyjar. Sátt 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1957 8/5 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Málavextir eru þessir:

I.

Mánudagskvöldið 25. apríl 1955 handtók lögreglan í Vestmannaeyjum ákærða fyrir utan hótél H.B. Ákærði var mikið ölvaður og var þar að þjarma að manni, sem heitir Steindór Arason frá Veiðileysu, Strandasýslu, en Steindór var handlama. Ákærði hafði þá skömmu áður veitt að öðrum manni, Ásgeiri Gunnarssyni, Syðra Vallholti, Skagafirði, og barið hann. Ákærði var settur í fangageymslu lögreglunnar um kvöldið. Samkvæmt ósk hótélstjórans á hótél H.B. var Ásgeir Gunnarsson, sem bjó

á hótelinu, og hafður í fangahúsinu um nóttina sökum ölvunar. Eftir að Ásgeir var handtekinn, kvartaði hann um eymsli í kjálka og fóru lögregluþjónarnir Óskar Einarsson og Ragnar Helgason með hann til lækni, sem skoðaði hann. Læknirinn kvaðst ekkert geta fullyrt um það, hvort Ásgeir væri kjálkabrotinn eða ekki. Sökum þess að Ásgeir var handtekinn vegna framkomu sinnar á hótelinu, og sýnt var, að hann fengi ekki inni þar um nóttina, var hann hafður í fangahúsinu um nóttina. Ásgeir lýsti því yfir daginn eftir, að hann myndi ekki gera frekari kröfur á hendur ákærða og láta málið niður falla, ef ákærði greiddi honum 1000 kr. bætur fyrir áverkann. Ákærði gekk að þessu boði, og var gerð sátt við hann í sakadómi Vestmannaeyja 26. apríl 1955, þar sem ákærði undirgekkst að greiða sekt auk nefndra bóta. Við ýtarlegri rannsókn kom í ljós, að Ásgeir hafði kjálkabrotnað við högg ákærða. Var málinu þá haldið áfram og með dómi Hæstaréttar 11. október 1955 var framangreind sátt felld úr gildi. Höfðaði síðan ákærvaldið mál þetta á hendur ákærða með ákæruskjali, útgefnu 30. nóvember 1955, eins og að framan greinir.

Ásgeir Gunnarsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á gangi fyrir utan hótél H.B. kl. rúmlega 23.00 hinn 25. apríl 1955. Með honum voru þeir Steindór Arason, Veðíleysu, Strandasýslu, og Júlíus Guðnason, Brekkum, Hvolhreppi. Ásgeir kveður ókunnan mann þá hafa ráðizt að þeim félögum án nokkurs tilfynis. Maður þessi, sem reyndist vera ákærði, sló Ásgeir í andlitið og kom höggið á vinstri kjálka hans. Steindór og Júlíus reyndu að stilla til friðar, en þá sló ákærði Steindór Arason og reif enn fremur fót hans. Við rannsókn síðar kom í ljós, að Ásgeir hafði kjálkabrotnað af völdum ákærða, svo og brotnaði jaxl í efra gómi og annar gekk úr skorðum. Þá reif ákærði og jakka Ásgeirs.

Vitnið Júlíus Guðnason trésmiður skýrir svo frá, að það hafi komið út úr hótél H.B. nefnt kvöld ásamt Ásgeiri Gunnarssyni og manni að nafni Héðinn Vigfússon. Þeir námu staðar við efri tröppur hótelsins á horni Heiðarvegs og Vestmannabrautar. Þar yfirgaf Héðinn þá, en um sama leyti kom ákærði til þeirra. Þeir voru þá að tala við Steindór Arason, sem einnig var staddur þarna. Vitnið kveður það ekki hafa skipt neinum togum, að ákærði vatt sér að Ásgeiri og án nokkurs tilefnis af Ásgeirs hálfu. Gerði ákærði sig líklegan til að slá Ásgeir. Ásgeir reyndi að víkja sér undan högginu, en tókst það ekki, og kom höggið,

sem var hægri handar hnefahögg, á kjálka Ásgeirs. Vitnið kveður þetta hafa verið allmikið högg, þar sem ákærði tók sveiflu mikla með handleggnum, áður en hann sló Ásgeir. Vitninu virtist Ásgeir dasast við höggið. Þegar vitnið ætlaði að reyna að sefa ákærða, sló ákærði vitnið á hægri kjálka, og hafði vitnið sig þá ekki meira í frammi. Skömmu síðar fór Ásgeir burtu. Vitnið segir, að Ásgeirr hafi ekkert tekið á móti ákærða. Eftir að ákærði hafði slegið vitnið, réðst hann að Steindóri Arasyni og uðru nokkur átök milli þeirra, en vitnið fylgdist ekki með þeim átökum.

Vitnið Ragnar Helgason lögregluþjónn skýrir svo frá, að það hafi handtekið ákærða umrætt sinn við hótél H.B. og farið með hann í fangahúsið. Þegar vitnið handtók ákærða, var hann að þjarma að Steindóri Arasyni og var mjög drukkinn. Vitnið kveður Ásgeir Gunnarsson hvergi hafa verið þar sjáanlegan.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi tekið að neyta áfengis um kl. 15.00. Varð ákærði brátt mjög drukkinn og kveðst ekkert muna, hvert hann fór eða hvað hann aðhafðist eftir kl. 17.00, en þá var hann staddur inni í Friðarhöfn. Hefur því ekki verið unnt að fá neinar upplýsingar hjá ákærða um atburði þá, er á eftir fóru.

Steindór Arason fór burtu úr bænum strax eftir árás ákærða og hefur ekki tekizt, þrátt fyrir ýtarlega eftirgrennslan að hafa uppi á honum til þess að bera vitni í málinu, en hann skýrði lögreglunni svo frá, áður en hann fór, að ákærði hefði ráðizt á sig, barið sig í andlítið og bitið í einn fingur hans. Ákærði reif og fót hans og skellti honum í götuna. Steindór var handlama, er þetta átti sér stað.

Í vottorði Jóns Sigtryggssonar tannlæknis, er skoðaði Ásgeir 1. júní 1955, segir: „Ásgeir Gunnarsson hlaut brot á neðri kjálka v. megin við öftustu jaxla. Jafnframt brotnaði jaxl í efri góm og jaxl er í brotlínu neðri góms, er þarf að taka síðar. Annars lega brotsins góð og bit gott.“

Með framburði vitna verður að telja sannað, að ákærði hafi með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur við 1. mgr. 217. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga 19/1940, 21. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 4. gr. og 1. mgr. 8. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar nr. 41/1928, svo sem greint er í ákæruskjali.

II.

Laugardagskvöldið 21. júlí 1956 var haldinn dansleikur í Samkomuhúsi Vestmannaeyja og lauk honum kl. 02.00. Ákærði var á dansleiknum og var töluvert ölvaður. Eftir að dansleiknum leik, sló ákærði mann að nafni Þórarinn Jónsson, Lækjargötu 7B, Siglufirði. Ákærða og Þórarni ber ekki saman um aðdragandann að árásinni, og skulu nú raktir vitnisburðir viðstaddra í höfuðatriðum.

Þórarinn Jónsson sjómaður skýrir svo frá, að hann hafi verið á nefndum dansleik. Hann kveðst hafa haldið heim að loknum dansleiknum og var þá orðinn töluvert ölvaður. Þegar hann kom að húsinu Bjarma við Miðstræti, sá hann hvar þrír menn stóðu fyrir utan húsið. Menn þessir voru ákærði og Jóhann Björgvinsson, en þriðja manninn þekkti Þórarinn ekki. Þórarinn gaf sig á tal við menn þessa. Hann kveður ákærða hafa gabbað sig niður kjallaratröppur á bakhlið hússins undir því yfirskyni, að félagi hans væri þar í kjallaranum, en enginn maður reyndist vera þar, er Þórarinn barði að dyrum. Þórarinn kveðst hafa spurt ákærða, hvað þetta ætti að þýða, en þá skipti það engum togum, að ákærði sló hann tvö hnefahögg með vinstri hendi. Komu högginn sitt á hvora kinn Þórarins, og féll hann til jarðar. Kveðst Þórarinn hafa misst meðvitund um stund. Hann kveður ákærða hafa farið strax burtu með hinum mönnunum. Við högg ákærða kom stór skurður í hægri munnvik Þórarins og saumaði lækni skurðinn saman. Þá skrámaðist Þórarinn í andliti og fót hans óhreinkuðust af blóði og aur. Þórarinn kveðst hafa legið rúmfastur í 2 daga vegna afleiðinga árásarinnar.

Vitnið Jóhann Björgvinsson sjómaður skýrir svo frá, að það hafi staðið á tali við ákærða og mann að nafni Kristján hjá húsinu Bjarma eftir að dansleiknum lauk. Ákærði var nokkuð ölvaður. Eftir nokkra stund kom ókunnugur maður til þeirra og fór að tala við ákærða. Vitnið segir, að þeir hafi brátt farið að rífast, en kveðst ekki hafa heyrt vel, hvað þeim fór á milli, enda heyrir vitnið ekki vel. Allt í einu sló ákærði manninn a.m.k. þrjú hnefahögg sitt með hvorri hendi. Maðurinn féll í götuna við högginn og telur vitnið, að hann hafi ef til vill rotazt. Vitnið segir, að maðurinn hafi hvorki slegið ákærða né gert tilraun til þess. Vitnið kveður mann þennan sýnilega hafa verið nokkuð ölvaðan.

Vitnið Kristján Stefánsson verkamaður ber, að það hafi að

dansleiknum loknum gengið niður að húsinu Bjarma ásamt ákærða og Jóhanni Björgvinssyni. Meðan þeir stóðu fyrir utan húsið, kom til þeirra Þórarinn Jónsson frá Siglufirði og spurði, hvort nokkur væri heima í nefndu húsi. Ákærði svaraði því til, að hvergi væri sjáanlegt ljós í húsinu, en kvaðst ekki vita nema einhver væri í kjallaranum. Þórarinn fór því næst niður tröppurnar, en kom aftur til baka og kvað ákærða skrökva því, að einhver væri í kjallaranum. Ákærði kvaðst ekkert um það vita og kvaðst ekki hafa beðið Þórarin að fara niður tröppurnar. Ákærði og Þórarinn fóru síðan að rífast og lauk orðaskiptum þeirra með því, að ákærði sló Þórarin eitt högg sinn á hvorn vanga sitt með hvorri hendi. Vitnið segir ákærða hafa slegið Þórarin þannig, að hnefar hans strukust niður með vöngum Þórarins. Við högginn féll Þórarinn til jarðar og lá þar stutta stund, unz ákærði reisti hann á fætur og gekk Þórarinn þá hinn reifasti í burtu. Vitnið kveðst vera fullvisst um, að Þórarinn hafi ekki misst meðvitund. Vitnið kveðst ekki hafa séð, að Þórarinn slæi ákærða. Það segir, að bæði Þórarinn og ákærði hafi verið mikið ölvaðir.

Vitnið Gústaf Sigurlásson skýrir svo frá, að það hafi gengið í humátt á eftir þeim ákærða, Jóhanni og Kristjáni frá Samkomuhúsinu og niður að Bjarma. Þar bættist fjórði maðurinn í hópinn og fóru þeir ákærði og maður þessi eitthvað að tala saman, en ekki heyrði vitnið, hvað þeim fór á milli. Vitnið segir, að það hafi tekið eftir, að ákærði eins og hrökklaðist frá mannum, og taldi vitnið víst, að maður þessi hefði slegið ákærða, þótt vitnið sæi það ekki. Ákærði sló síðan manninn tvö högg í andlitið og féll maðurinn til jarðar við högginn. Vitnið segir, að er maðurinn hafði legið stutta stund í götunni, hafi ákærði reist hann á fætur, og fór maðurinn síðan.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi verið á dansleiknum umrætt kvöld. Hann kveðst hafa verið töluvert ölvaður fyrri hluta dansleiksins, en segir að vínið hafi verið farið að renna af sér seinni hluta dansleiksins. Eftir dansleikinn gekk ákærði ásamt Jóhanni Björgvinssyni niður að Bjarma. Þegar þeir komu að húsinu, kom Þórarinn Jónsson til þeirra, og bað hann ákærða að tala við sig einslega. Þórarinn kvað ákærða hafa ráðizt á sig á dansleiknum, en ákærði kvað það ósatt. Ákærði segir, að þá hafi Þórarinn slegið sig hnefahögg í andlitið með hægri hendi og kom höggið á vinstra kinnbein ákærða. Ákærði kveðst þá hafa slegið Þórarin tvö hnefahögg í andlitið sitt með hvorum

hnefa. Þórarinn féll í götuna og lá þar hreyfingarlaus. Ákærði telur, að Þórarinn hafi rotazt. Hins vegar telur ákærði, að Þórarinn hafi ekki fallið í götuna vegna þess að ákærði sló hann, heldur hafi Þórarinn rekið hælana í gangstéttarbrúnina og dottið við það og rotazt. Ákærði kveðst síðan hafa reist Þórarinn á fætur, og ráfaði hann þá burtu.

Í vottorði Baldurs Johnsens héraðslæknis, sem skoðaði Þórarinn Jónsson 22. júlí 1956, segir: „Ég undirritaður skoðaði og gerði við meiðsli á Þóarni Jónssyni, Sveinsstöðum, hér, sunnudagsnóttina 22. júlí. Þórarinn var skrámaður í andliti og stór skurður í h. munnviki, sem þurfti að sauma. Gat vel verið eftir hnefahögg. Þórarinn var einnig hálf lostinn.“

Telja verður nægilega sannað með framburði vitna og ákærða sjálfs, að hann hafi með atferli því, sem hér hefur verið lýst, gerzt brotlegur við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 41/1928.

Niðurlag:

Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 217. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 84. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar og með hliðsjó af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Ásgeir Gunnarsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum 10.000 kr. í skaðabætur vegna vinnutjóns, sársauka og mizka. Krafa þessi er ósundurliðuð og órökstudd og hefur ekki verið bætt úr því, þótt Ásgeiri og umboðsmanni hans væri gefinn kostur á því. Verður því að vísa kröfunni frá dóminum, sbr. 146. gr. laga nr. 27/1951.

Þórarinn Jónsson hefur krafizt 1000 kr. skaðabóta úr hendi ákærða vegna þess tjóns, er hann telur sig hafa beðið af völdum ákærða. Þar eð Þórarinn hefur ekki rökstutt þessa kröfu sína, þótt honum væri gefinn kostur á því, verður að vísa henni frá dóminum, sbr. 146. gr. laga nr. 27/1951.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun til skipaðs sækjanda, Jóns Eiríkssonar hdl., og máls-svararlaun skipaðs verjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., kr. 700.00 til hvors.

Töluverður dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa, en hann stafar af því, að áður en afgreiðslu málsins vegna árásar ákærða á Ásgeir Gunnarsson var lokið, varð ákærði uppvís að öðru broti

og var því beðið með afgreiðslu fyrra málsins. Þá fór Ásgeir Gunnarsson og höfuðvitnin í málinu strax burtu úr bænum eftir árásina og hefur verið mjög erfitt að ná til þeirra, þar sem heimilisföng þeirra voru ýmist ókunn eða þeir sífellt að skipta um dvalarstaði.

Dómsorð:

Ákærði, Bergsteinn Theódór Þórarinnsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Skaðabótakröfum Ásgeirs Gunnarssonar og Þórarins Jónssonar er vísað frá dómnum.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-sóknarlaun skipaðs sækjanda, Jóns Eiríkssonar hdl., og máls-varnarlaun skipaðs verjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., 700 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 4. marz 1958.

Nr. 176/1955. Ákærvaldið

gegn

John Oliver Emmons.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kveðið á um framhaldsrannsókn.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstaréttir, þykir rétt að leggja fyrir sakadómarann í Reykjavík að dómkveðja 3 menn til að gefa álit um málefni þau, sem greind verða hér á eftir:

1. Hvor aðferðin sé öruggari til staðarákvörðunar, annars vegar sú, sem er framkvæmd eingöngu með fjarlægðarmælingum með ratsjá til tveggja staða, eða hins vegar sú, sem framkvæmd er með miðun með gyroáttavita og ratsjá svo og fjarlægðarmælingu með ratsjá til eins staðar.

2. Í máli þessu hefur verið reiknuð út hnattstaða dufls þess, sem sett var út við togara ákærða, annars vegar sam-